

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8–10,
150 Reykjavík.

UMSÖGN um Þingskjal 22 — 22. mál, 148. löggjafarþing 2017–2018.

Reykjavík, 13. mars 2018

Siðfræðistofnun hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um ætlað samþykki við líffæragjafir í stað ætlaðrar neitunar eins og nú tíðkast við líffæragjafir úr látnum einstaklingum. Um erfitt siðferðilegt álitamál er að ræða og siðferðileg rök styðja hvora leiðina sem farin er í þessum efnum. Siðfræðistofnun tekur þó undir þá tillögu að breytingu sem lögð er til í lögnum.

Líffæraígræðslur þjóna í langflestum tilvikum mikilvægum siðferðilegum tilgangi: Að bjarga lífi og stórbæta heilsu þeirra sem líffærin þiggja. Það er réttlætismál að skapa fólki sanngjörn tækifæri í lífinu og kærleiksverk að bjarga lífi fólks í neyð. Í siðuðu samfélagi er því eðlilegra að gera ráð fyrir því að manneskjan vilji koma náunga sínum til hjálpar í neyð en að hún hafni því.

Meginhagsmunir hins látna liggja í því að vilji hans sé virtur. Sé ekki vitað hver hann var er mikilvægt að taka tillit til vilja aðstandenda. Ákvæði í lögum skipta máli hér því að þau geta haft áhrif á ákvörðun aðstandenda. Siðfræðistofnun leggur megináherslu á að verði ákveðið að breyta núverandi fyrirkomulagi skipti miklu máli hvernig sú leið er útfærð bæði í lögum og verklagi á heilbrigðisstofnunum, einkum að því sem snýr að framkomu við aðstandendur og aðkomu þeirra að ákvörðuninni.

Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Árnason, stjórnarformaður